

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 89/1993. **Þorsteinn Jónsson**

gegn

**Friðjóni Skarphéðinssyni,
Unnsteini Beck,
Steingrími Gauti Kristjánssyni,
Hjördísi Hákonardóttur,
Friðgeiri Björnssyni,
Guðmundi Vigni Jósefssyni,
Gauki Jörundssyni,
Hallvarði Einvarðssyni,
Þór Vilhjálmsyni,
Guðmundi Jónssyni,
Halldóri Þorbjörnssyni og
Magnúsi Þ. Torfasyni.**

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. febrúar 1993, sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Hann krefst þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið sem algerri markleysu og dómaranum vikið frá sem vanhæfum“.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur borist.

Málatilbúnaður sóknaraðila, sem hvorki hefur notið aðstoðar lögmanns í héraði né fyrir Hæstarétti, fer í bága við grundvallarreglur réttarfarslaga og er ekki dómhæfur. Ljóst má telja, að eigi verði úr bætt með leiðbeiningum héraðsdómara. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. janúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísun að loknum munnlegum flutningi nú í dag, er höfðað með stefnu, birtri 3. júní sl.

Stefnandi er Þorsteinn Jónsson, kt. 090118-6419, Hátúni 6, Reykjavík.

Stefndu eru: Friðjón Skarphéðinsson, kt. 150409-2849, Furugerði 4, Reykjavík, Unnsteinn Beck, kt. 271114-3389, Smáragötu 11, Reykjavík, Steingrímur Gautur Kristjánsson, kt. 070937-3609, Fjólugötu 13, Reykjavík, Hjördís Hákonardóttir, kt. 280844-3819, Vesturvallagötu 5, Reykjavík, Friðgeir Björnsson, kt. 181040-3359, Granaskjól 76, Reykjavík, Guðmundur Vignir Jósefsson, kt. 240221-3229, Rauðalæk 50, Reykjavík, Gaukur Jörundsson, kt. 240934-4859, Kaldaðarnesi, Hallvarður Einvarðsson, kt. 021231-2669, Miðleiti 10, Reykjavík, Björn Ingvarsson, kt. 200517-2619, Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, Þór Heimir Vilhjálmsson, kt. 090630-3269, Stigahlið 73, Reykjavík, Guðmundur Jónsson, kt. 100225-3959, Bólstaðarhlið 4, Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, kt. 060421-3829, Stýrimannastíg 6, Reykjavík, og Magnús Þ. Torfason, kt. 050522-3269, Bergstaðastræti 73, Reykjavík.

Stefnandi kveðst höfða málið gegn stefndu af eftirgreindum ástæðum: „... gegn fyrrverandi yfirborgarfégeta, Friðjóni Skarphéðinssyni, og skiptaráðanda fyrrverandi, Unnsteini Beck, vegna meintra blekkinga og falsana í opinberu starfi, einnig Guðmundi Vigni Jósefssyni, fyrrverandi gjaldheimtustjóra, vegna fjárkúgunar, meintra falsana og afglapa í opinberu starfi, einnig gegn fjórum dómurum Hæstaréttar Íslands, þeim Þór Heimi Vilhjálmssyni, Guðmundi Jónssyni, Halldóri Þorbjörnssyni og Magnúsi Þ. Torfasyni, fyrir svik og undirferli, rangfærslur móðurmálsins, falskan vitnisburð, dómsúrskurð gerðan í ölaði og annan stefnumarkandi óþverra í því virðulega embætti, einnig gegn fyrrverandi rannsóknarlögreglustjóra og núverandi ríkissaksóknara, Hallvarði Einvarðssyni, sem í báðum embættum hefur án tilefnis lagst gegn málinu og hindrað þannig framgang réttvísinnar, einnig gegn yfirborgardómara Friðgeiri Björnssyni og borgardómurunum Steingrími Gauti Kristjánssyni og Hjördísi Hákonardóttur fyrir að skjóta undan gögnum og stinga öðrum undir stól til þess að hindra framgang málsins og vísa frá dómi viðurkenningarmáli mínu að kröfu rukkara Gjaldheimtunnar, Guðmundar Vignis Jósefssonar, einnig gegn „umboðsmanni Alþingis“, Gauki Jörundssyni, sem þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir forseta Alþingis og fleiri þingmanna vildi ekki eða þorði ekki að hafa afskipti af málinu, einnig fyrrverandi yfirborgardómara, Birni Ingvarssyni, fyrir ólöglegt afskipti af málinu að kröfu rukkara Gjaldheimtunnar, Guðmundar Vignis Jósefssonar“.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmd til að greiða sér in solidum 30.000.000 kr. með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979 og með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, „og með tilliti til aðstæðna verði stefndu einnig dæmd til að greiða sér sömu upphæð í miskabætur auk málskostnaðar. Allir hafa hinir stefndu

tekið þátt í að svipta mig frelsi, æru, eignarrétti og friðhelgi heimilis míns, en aldrei hefi ég verið sakaður um lögbrot af neinu tagi“.

Af hálfu stefndu Guðmundar Vignis Jósefssonar, Gauks Jörundssonar og Hallvarðar Einvarðssonar hefur verið sótt þing í málinu og aðallega krafist frávísunar. Aðrir stefndu hafa ekki sótt þing, þótt þeim sé löglega stefnt, nema hvað ekki liggur fyrir, að stefna hafi verið birt Birni Ingvars-syni.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum á þessa leið: „Stefnandi hefur allt frá árinu 1964 átt í harðvítugri baráttu við skattyfirvöld vegna rangra og tilefnislausra hækkana á lagðra opinberra gjalda. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sínar hafi leiðréttingar eða skýringar aldrei fengist, og hafi ólögmætar hækkanir opinberra gjalda á árunum 1967 til 1971 leitt til þess, að hann hafi ranglega verið úrskurðaður gjaldþrota hinn 1. nóvember 1971. Gjaldþrotameðferðin hafi í raun leitt til þess, að hann hafi verið sviptur aflahæfi sínu, athafna- og atvinnufrelsi, þar sem kippt hafi verið fótunum undan útgerðarstarfsemi stefnanda, sem á þessum tíma hafi rekið og gert út eigin bát. Jafnframt gjaldþrotameðferðinni á hendur sér hafi Gjaldheimtan krafist uppboðs á bát sínum, Báru, RE-26, og allt hafi þetta leitt til þess, að stefnandi hafi ekki fengið rekstrarlán til veiðarfærakaupa, er hann hafi sótt um það til Landsbanka Íslands á árinu 1972, og af sömu ástæðu hafi hann enga fyrirgreiðslu fengið hjá öðrum lánastofnunum, alls staðar var nafn hans komið á svartan lista yfir vanskilamenn, mann, sem aldrei hafði skuldað neitt. Galdheimtustjóri, Guðmundur Vignir Jósefsson, hafði tilkynnt öllum lánastofnunum, að ég væri gjaldþrota, en aldrei lét hann auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, eins og lög mæla fyrir, enda ekki hægt um vik, þar sem engar kröfur voru í þrotabúið nema frá Gjaldheimtunni, sem hefur nú viðurkennt það skriflega, að ég hafi aldrei skuldað opinber gjöld. Gjaldþrotabeidni Gjaldheimtunnar var svo afturkölluð 3. maí 1972, sem Gjaldheimtan hefur enga heimild til samkvæmt lögum. Stefnandi seldi bátinn (Báru, RE-26) 24. febrúar 1972, þar eð hann treysti sér ekki til að standa straum af kostnaði við að eiga (10) tíu milljóna kr. bát bundinn við bryggju veiðarfæralausan mánuðum saman.

Fullnaðarkvittun fyrir greiðslu opinberra gjalda, sem ég vissi, að ég skuldaði ekki, en greiði samt til þess að geta stundað atvinnu mína í friði fyrir ofsóknum Gjaldheimtunnar, fékk ég frá yfirborgarfégeta, Friðjóni Skarphéðinssyni, undirritaða af honum sjálfum ásamt embættisstimpli, 26. júní 1972, en þá var skaðinn skeður og grundvöllur fjárhagsafkomu stefnanda hruninn. Þrátt fyrir fullnaðarkvittun fyrir greiðslu opinberra gjalda frá árinu 1972 hafi af hálfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík verið haldið áfram að krefjast af stefnanda greiðslu þeirra árum saman, allt fram á árið 1982, er gjaldheimtustjóri, Guðmundur Vignir Jósefsson, hafi strikað yfir

allar skuldir stefnanda vegna málsóknar, er stefnandi hafði höfðað gegn Gjaldheimtunni. Þannig hafi stefnandi verið hundeltur allt fram á síðastliðið ár, 1991, þegar hann bað um vernd lögreglustjórans í Reykjavík gegn Gjaldheimtunni, sem krafðist greiðslu skulda, sem hann hafði fyrir löngu verið búinn að greiða og hafði fullnaðarkvittun fyrir, og enn í dag sé nafn hans á lista yfir vanskilamenn, þótt aldrei hafi hann skuldað eina krónu.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að skattfyrirvöld hafi ranglega lagt á sig opinber gjöld og vexti með tilefnislausum hækkunum á lagðra opinberra gjalda og tekna, og þær tilbúnu skuldir hafi síðan leitt til þess, að stefnandi hafi ranglega verið úrskurðaður gjaldþrota. Að auki hafi hann árum saman verið krafinn um greiðslu opinberra gjalda, sem hann hafi sannanlega verið búinn að greiða. Innheimtu-, gjaldþrota- og uppboðsaðförin gegn sér hafi í raun svipt sig persónu- og atvinnufrelsi, rofið friðhelgi heimilis síns, svipt sig eignarrétti og rétti til framfærslu allt til þessa dags. Þetta leiði til bótaábyrgðar hinna stefndu, og mál þetta sé höfðað til heimtu skaðabóta og miskabóta vegna alls þessa, sem stefnandi hefur orðið að þola af þessum sökum í meira en tuttugu ár.

Lagarök.

Varðandi bótaábyrgð og aðild hinna stefndu vísast til 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 svo og almennra reglna skaðabótaréttar.“

Stefndu reisa kröfur sínar um frávísun á því, að málið sé vanreifað af hálfu stefnanda og málatilbúnaður hans þess eðlis, að ekki verði lagður dómur á málið. Er vísað til 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Fyrr í úrskurðinum voru teknir upp orðréttir kaflar úr stefnunni. Eins og ljóst má vera af þeim, er ómögulegt að henda reiður á málatilbúnaði stefnanda. Brestur verulega á, að fullnægt sé skilyrðum d-liðar 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991. Málið er því verulega vanreifað af hans hálfu og ódómhæft, eins og það liggur fyrir. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Málskostnaður fellur niður, enda hafa stefndu ekki krafist hans.

Dómstjórinn við Héraðsdóm Reykjavíkur er einn stefndu í málinu. Þrátt fyrir það var málið tvisvar til meðferðar á reglulegu dómþingi héraðsdómsins eftir þingfestingu. Því næst úthlutaði dómstjórinn því til dómarans, sem ekki er bær um að taka afstöðu til þessa formsatriðis.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Málinu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
